fr 23-2004-380  21.7.2004  17:00  Page 1

VEGAGERÐIN

# Framkvæmda-fréttir 23. tbl. /04




*Framkvæmdir á Hringvegi, Vegaskarð - Langidalur. Verktaki: Héraðsverk ehf.*

## Langtímaáætlun um námufrágang 2004-2018

Nýlega gaf rannsóknadeild Vegagerðarinnar út skýrsluna Langtímaáætlun um námufrágang 2004-2018. Skýrslan er birt á heimasíðu Vegagerðarinnar á slóðinni http://www.vegagerdin.is og er þar að finna undir útgefið efni/ýmislegt.

Skýrslan er gefin út í framhaldi af því að yfirstjórn Vegagerðarinnar samþykkti á fundi þann 15. desember 2003 tillögu um gerð langtímaáætlunar fyrir frágang eldri efnistökusvæða. Þessi ákvörðun var tekin í samræmi við ákvæði 49. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 en þar segir að efnistökusvæði skuli ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár nema með undanþágu frá Umhverfisstofnun. Í lögunum er einnig ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um frágang eldri efnistökusvæða.

Í langtímaáætluninni er mörkuð sú stefna Vegagerðarinnar að frágangi náma, sem ekki eru lengur í notkun, skuli lokið á fimmtán árum þ.e. á árunum 2004-2018. Þá er einnig gerð grein fyrir umfangi verkefnisins og áætlaður kostnaður við það. Umdæmi Vegagerðarinnar hafa gert áætlun um frágang ófrágenginna náma sem Vegagerðin hefur notað og talið er rétt að ganga frá á tímabili langtímaáætlunar. Upplýsingarnar eru skráðar í námuskrá Vegagerðarinnar þar sem fram kemur hvaða efnistökusvæði það eru þar sem Vegagerðin ber ábyrgð á frágangi og hver afstaða stofnunarinnar er til frágangs hverrar námu.

Í skýrslunni er listi yfir námur sem Vegagerðin hyggst ganga frá á árunum 2004-2018 og einnig kort sem sýnir staðsetningu þeirra. Mælt er með því að starfsmenn sveitarfélaga kynni sér þessa skýrslu.



**Gunnar Bjarnason**
**deildarstjóri rannsóknardeild, jarðfræði**

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 23. tbl. 12. árg. nr. 380 26. júlí 2004**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin**
**Framkvæmdafréttir**
**Borgartúni 7**
**105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

# Framkvæmdir 2004, kort 7

Vegarkaflarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Stærstu viðhaldsverk eru merkt inn á kortið án texta.
Fjárveitingar nýbygginga eru taldar upp í flestum tilfellum.
Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.




85 Norðausturvegur
Öxarfjarðarvegur -
Arnarstaðir, 13 km
um Brunná að
Sveltingi í Núpasveit
Fjárveiting:
2003: 150 m.kr.
Verktaki: Ingileifur Jónsson ehf.,
Svínavatni
Verklok: Júní 2004
85 Norðausturvegur
Breiðavík -
Bangastaðir, 11,7 km
Fjárveitingar:
2003: 270 m.kr.
2004: 100 m.kr.
Útboð: maí 2003
Verktaki: Árni Helgason ehf.,
Ólafsfirði
Verklok: september 2004
864 Hólsfjallavegur
Fjárveiting: 15 m.kr. af viðhaldsfé
Efnisvinnsla vegna endurbóta
á Hólsfjallavegi
Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri
1 Hringvegur
Breikkun brúar á
Hrúteyjarkvísl
hjá Bárðardalsvegi
vestri
Fjárveitingar:
2003: 22 m.kr.
2004: 38 m.kr.
Brúarvinnuflokkur
Vegagerðarinnar
Verklok: júní 2004
842 Bárardalsvegur vestri
Hringvegur - Bárardalsvegur eystri
Fjárveiting: 13,1 m.kr. af viðhaldsfé
Malarslitlag með malardreifara, 23,4 km
Verktaki: Höll ehf., Húsavík
Áætluð verklok: 1. október 2004
Framkvæmdir
Nýbyggingar, bundið slitlag
Nýbyggingar, malarslitlag
Yfirlagnir, viðhald á slitlagi eða seinna lag klæðningar
Styrkingar eða festun burðarlags
Styrkingar á malarvegi
Viðhald á malarslitlagi
Vegakerfið
Stofnvegir með bundnu slitlagi
Stofnvegir með malarslitlagi
Tengivegir með bundnu slitlagi
Tengivegir með malarslitlagi
Landsvegir með bundnu slitlagi
Landsvegir með malarslitlagi
Tjörnes
Öxarfjörður
Öxarfjarðarheiði
Skjálfandi
HÚSAVÍK
Ásbyrgi
Reykjaheiði
Skjálfandafljót
Aðaldalur
Laxá
Lambafjöll
Kinnarfjöll
Laugar
Fljótsheiði
Laxárdalur
Reykjahlíð
Mývatn
Búrfellshraun
Bárðardalur
Mývatnsheiði
Jökulsá á Fjöllum



N
Grímsey
85 Norðausturvegur
Kópaskersvegur - Leirhöfn
Fjárveiting: 5,7 m.kr. af viðhaldsfé
Malarslitlag með malardreifara 13,6 km
Verktaki: Höll ehf., Húsavík
Áætluð verklok: 1. október 2004
85
Melrakkaslét
Kópasker
85
Öxarfjarð
Svæði í ramma, sjá kort nr. 7
k8
23. tbl. bls. 4
22. tbl. bls. 6
23. tbl. bls. 2
k7
Norðvestursvæði
Norðaustursvæði
23. tbl. bls. 6
k5
k4
22. tbl. bls. 4
k9
Suðursvæði
Suðvestursvæði
k3
k2
k1
Svæðaskipting framkvæmdakorta
864
F88
821 Eyjafjarðarbraut vestri
Eyjafjarðarbraut eystri
- Halldórsstaðir
Fjárveiting: 5,2 m.kr.
af viðhaldsfé
Malarslitlag með
malardreifara 15,7 km
Verktaki: Höll ehf., Húsavík
Áætluð verklok:
1. október 2004
826
821
F821
F752
5 0 5 10 15 20 km
Framkvæmdir
Nýbyggingar, bundið slitlag
Nýbyggingar, malarslitlag
Yfirlagnir, viðhald á slitlagi eða seinna lag klæðningar
Styrkingar eða festun burðarlags
Styrkingar á malarvegi
Viðhald á malarslitlagi
Herðubreið

# Framkvæmdir 2004, kort 8

Vegarkaflarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Stærstu viðhaldsverk eru merkt inn á kortið án texta.
Fjárveitingar nýbygginga eru taldar upp í flestum tilfellum.
Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.

85 Norðausturvegur
Brekknaheiði - Saurbæjará
Fjárveitingar:
2003: 80 m.kr.
2004: 50 m.kr.
Ný- og endurbygging, klæðing
sýslumörk og suður fyrir Geysirófu 4,2 km
um Finnafjarðará,1,5 km
um Saurbæjará, 1,1 km
um Djúpalæk, 0,2 km
alls um 6,8 km
Settir stórir hólkar í Geysirófu, Finnafjarðará, Saurbæjará og Djúpalæk.
Malarslitlag frá Saurbæjará að Skeggjastöðum, alls um 22 km
Útboð: október 2003
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum
Verklok: haustið 2004

85 Norðausturvegur
Hölkná - Miðheiðarhryggur
Fjárveitingar:
2003: 66 m.kr.
2004: 68 m.kr.
2005: 28 m.kr.
Ný- og endurbygging 9,6 km
Settir stórir hólkar í Hölkná og Skálafjallalæk, (einnig í Hafnará á Hafnarvegi 91)
Á árinu 2003 var lokið við kaflan frá Hölkná og upp fyrir Skálafjallalæk (4 km) og kaflan um Hafnará (0,4 km)
Útboð: nóvember 2002
Verktaki: Nóntindur ehf. Búðardal
Verklok: ágúst 2004

925 Hróarstunguvegur
Hallfreðarstaðir - Þórisvatn
Fjárveitingar:
2002: 18 m.kr.
2004: 13 m.kr.
Ný- og endurbygging 2,0 km
Styrking og mölburður 3,8 km
Undirbyggingu og burðarlagi lokið 2003
Útboð: apríl 2003
Verktaki: Sigurður H. Jónsson, Mælivöllum
Verklok: vorið 2004

## Vegakerfið

- Stofnvegir með bundnu slitlagi
- Stofnvegir með malarslitlagi
- Tengivegir með bundnu slitlagi
- Tengivegir með malarslitlagi
- Landsvegir með bundnu slitlagi
- Landsvegir með malarslitlagi

1 Hringvegur
Biskupsháls - Vegaskarð
Fjárveitingar:
2002: 45 m.kr.
2003: 123 m.kr.
2004: 86 m.kr.
Ný- og endurbygging 12,5 km
Útboð: haustið 2002
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum
Klæðing var lögð árið 2003 á 7 km frá Víðidalsbænum í Vegaskarð
Verklok í júlí

1 Hringvegur
Vegaskarð - Langidalur
Fjárveitingar:
2003: 170 m.kr.
2004: 67 m.kr.
2005: 112 m.kr.
Ný- og endurbygging 12,1 km
Stálhólkar settir í Skarðsá og Langadalsá.
Útboð var haustið 2003
Verktaki er Héraðsverk ehf. Egilsstöðum
Verklok í júlí 2005.



# Framkvæmdir 2004, kort 9

Vegarkaflarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Stærstu viðhaldsverk eru merkt inn á kortið án texta.
Fjárveitingar nýbygginga eru taldar upp í flestum tilfellum. Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.



fr 23-2004-380 21.7.2004 17:00 Page 7



# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust.
Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.
Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| 04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað | 05 |
| 04-066 Jökuldalsvegur (923) um Mjósund og Þverá | 04 |
| 04-060 Landeyjavegur (252), Akureyjavegur - Grímsstaðavegur | 04 |
| 04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi | 04 |
| 04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005 | 04 |
| 04-018 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk | 04 |
| 02-015 Hringvegur (1) við Hellu | 04 |
| 00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur | 04 |
| 03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka | 04 |
| 03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, eftirlit | 04 |
| 03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki | 04 |

| Útboð sem hafa verið auglýst | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 04-003 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi | 19.07.04 | 17.08.04 |
| 04-061 Hringvegur (1), hringtorg við Kirkjubæjarklaustur | 12.07.04 | 27.07.04 |
| 04-065 Öndverðarnesvegur, Biskupstungnabraut - golfskáli 2004 | 12.07.04 | 27.07.04 |
| 04-037 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur, 2004-2007 | 12.07.04 | 27.07.04 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 04-043 Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, eftirlit | 28.06.04 | 20.07.04 |
| 04-023 Óshlíð, snjóflóðaskápar | 28.06.04 | 13.07.04 |
| 04-058 Vestfjarðavegur (60), brú á Laxá í Króksfirði, niðurrekstrarstaurar | 28.06.04 | 13.07.04 |
| 04-059 Þjórsárdalsvegur (32), Skeiðavegur - Stóra-Núpsvegur | 28.06.04 | 13.07.04 |
| 04-039 Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut | 21.06.04 | 13.07.04 |
| 04-057 Mástunguvegur (329), Gnúpverjavegur - Laxárdalur 2 | 21.06.04 | 06.07.04 |
| 04-056 Kjalvegur (35), þjónustumiðstöð - Háalda 2004 | 14.06.04 | 29.06.04 |
| 04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008 | 14.06.04 | 29.06.04 |
| 04-051 Brú á Fjarðará í Siglufirði | 24.05.04 | 15.06.04 |
| 04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik | 10.05.04 | 25.05.04 |

| Samningum lokið | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|
| 03-010 Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging, 2. áfangi *KNH ehf., Ísafirði* | 29.06.04 | 14.07.04 |
| 04-048 Borgarfjarðarbraut (50) um Kleppjárnsreyki, öryggisaðgerðir *Jörvi ehf.* | 25.05.04 | 03.06.04 |
| 03-095 Mjóafjarðarvegur (953) ofan Klifbrekku *Dal-Björg ehf.* | 22.06.04 | 13.07.04 |
| 04-053 Brú á Búðará í Reyðarfirði, framleiðsla niðurrekstrarstaura *Íslenskir aðalverktakar hf.* | 15.06.04 | 06.07.04 |
| 04-052 Loftmyndataka og stafrænn kortgrunnur 2004 *Verkfræðistofan Hnit hf.* | 15.06.04 | 02.07.04 |

# Niðurstöður útboða

## Hringvegur (1), Víkurvegur – Skarhólabraut, eftirlit 04-043

Tilboð opnuð 20. júlí 2004. Eftirlit með tvöföldun Hringvegar á 3,5 km löngum kafla milli Víkurvegar og Skarhólabrautar. Að hluta til er um að ræða nýjan veg með tveim aðskildum akreinum og að hluta nýja akbraut meðfram núverandi vegi. Einnig er innfalið í verkinu gerð tveggja hringtorga ásamt byggingu tveggja vegbrúa og göngubrúar á Úlfarsá.
Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 15. október 2005.

Tilboðum er raðað eftir stafrófsröð bjóðenda.

**Bjóðandi**

Fjarhitun hf., Reykjavík
Fjölhönnun ehf., Reykjavík
Hnit hf., Reykjavík
Hönnun hf., Reykjavík
Línuhönnun hf., Reykjavík




*Staða framkvæmda við Almannaskarðsgöng 16. júlí 2004. Samtals er búið að sprengja 299,5 m sem gerir 26%. Bormenn verða í orlofi til 28. júlí.*




*Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 19. júlí 2004. Samtals er búið að sprengja 5.271,5 m sem gerir 92,6%.*